

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 4. mars 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir **Hafnarfjörð nr. 51 26. mars 1971.**

1. gr.

VII. kafli orðist þannig:

Um hafnargjöld í Hafnarfirði.

31. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, sem hafnarstjórn semur, bæjarstjórn samþykkir og samgönguráðuneytið staðfestir.

2. gr.

Kaflar VIII falli niður og breytist töluröð reglugerðarinnar í samræmi við það, þannig að IX. kafli verði VIII. kafli og greinar 56 — 70 verði 31 — 46.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 45 5. mars 1973 um breytingu á reglugerð nr. 51 26. mars 1971.

Samgönguráðuneytið, 4. mars 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð **Hafnarfjarðar.**

I. KAFLI

Um hafnargjöld í Hafnarfirði.

1. gr.

Við útreikning hafnargjalda af skipum skal alltaf talið í heilum rúmlestum, en sleppa brotum. Rúmlestatala skips reiknast eins og hún er mest skráð á mælibréf skips.